

**Klaus Bredow, sendifulltrúi Austur-Þýskalands á Íslandi, lýsti ástandi mála í sínu heimalandi á aðalfundi Félagsins Ísland - DDR 27. febrúar 1990 og þannig gerði fundarritari, Haukur Már Haraldsson, grein fyrir frásögn hans í fundargerð.**

**Heimild: ÞÍ. Félagið Ísland - DDR 2018/104. A/1, örk 1. Fundargerðarbók aðalfunda og stjórnarfunda Félagsins Ísland - DDR 1969-1990.**

„Fyrirverandi stjórn DDR mat rangt ástand mála og gerði sér ekki grein fyrir kröfu um breytingar og Perestrojku. Sögðust vilja breytingar en gerðu ekkert. Fjöldinn á götunni tók völdin í sínar hendur og gerbreytti heimsmynd okkar. Ferðafrelsið gerði að verkum að fjöldi manns fór að ferðast. Ýmiskonar lög hafa verið samþykkt sem aukið hafa frelsi og stjórnarskránni hefur verið breytt. Um 25 stjórnsmálaflokkar og samtök hafa verið stofnuð og SED gefið eftir kröfu um alræði sitt. Sósíaldemókrataflokkur hefur verið stofnaður og hefur verið spáð sigri í komandi kosningum. Hinir flokkarnir sem áður störfuðu með SED hafa breytt stefnuskrám sínum og sagst ekki mundu starfa með SED eftir kosningar. Nýr vettvangur er[ú] samtök opin öllum sem vilja berjast fyrir demókratíseringu, og fleiri samtök nefndi hann.

Verkalýðsfélögin hafa lagt til ný lög og sagt að verði þau ekki samþykkt skelli á allsherjarverkfall; þetta eru lög um verkalýðsfélög og réttindi þeirra.

Öll þessi samtök berjast í einhverri mynd fyrir markaðsbúskap - til hægri eða vinstri.

Efnahagsástandið ekki gott. Geng[d]arlausar niðurgreiðslur tryggðu að vísu lágt vöruverð en villti sýn; framleiðnin gleymdist. Brottflutningur ungs fólks gerði ástandið verra og ýmis fyrirtæki í efnaiðnaði og fleiri greinum hafa orðið að loka. Ástandið sérstaklega erfitt í mestu þéttbýlisstöðunum. Þjóðin hefur áhyggjur af vaxandi merkjum um atvinnuleysi. Því kannski ekki undarlegt að stór hluti þjóðarinnar sér lausn fóligna í sameiningu þýsku ríkjanna. Hafa verður í huga mun á launum og vöruframboði í ríkjunum. Verði ekki breyting á halda 2500 manns áfram að flytjast vestur yfir daglega.

Gjaldmiðilsbandalag gæti verið upphaf sameiningar, en flestir stjórnsmálamenn sem mikils mega sín vilja sameiningu í takt við sameiningu Evrópu allrar. Sameiginlegur gjaldmiðill myndi gera af verkum að efnahagsástandið myndi lagast hraðar. 90% íbúa DDR styður hlutlaust Þýskaland og ríkisstjórnin hefur komið með tillögur um það. V-Þjóðverjar hafna þessu og einnig margir Natóforsprakkar. Bush USA-forseti segir að sameinað Þýskaland verði að vera efnahagslega og hernaðarlega tengt Nato. Sovétríkin eru auðvitað ósammála. Mörg mál þarf að leysa fyrir sameiningu. Við í DDR viljum ekki láta kaupa okkur eða hernema; viljum samstarf á jafnréttisgrundvelli og það hefur þegar hafist; arftaki Trabantsins verður að sjálfsögðu Volkswagen.

18. mars urðu kosningar. Enginn veit hvað síðan kemur, enda erfitt að spá um framtíðina. En þýðing vináttufélaganna munu ekki minnka heldur aukast. Ég þakka félaginu starfið og stjórnarmönnum samstarfið. Nú verður sendiráðinu lokað og um leið eykst þýðing félagsins. Þegar sameiningin er orðin höfum við í farteksinu reynslu okkar af vináttu milli þjóða. Gagnkvæm kynni þjóða eru alltaf viss vörn gegn þjóðrembu og kynþáttahatri. Ég óska stjórninni til hamingju og góðs í starfi.“